



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**532. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 6. desember 2021
og hófst hann kl. 12:00.**

Fundinn sátu:

Gunnar Einarsson, Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl Magnús Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Hildigunnur Hafsteinsdóttir og Páll Björgvin Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH.

Dagskrá:

1. Samræming úrgangsflokkunar - næstu skref - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2104006

Fyrir 523. fundi stjórnar lá afgreiðsla sveitarfélaganna vegna skýrslu ráðgjafastofunnar Resource dags. 14. janúar 2021 um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu og minnisblöð starfshópsins dags. 12. janúar 2021 og 12. apríl 2021. Eftirfarandi niðurstaða var bókuð í fundargerð 523. fundar vegna málsins:

"Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögur starfshópsins í minnisblaði dags. 12. apríl 2021 og að vinnunni verði haldið áfram á grunni þeirra. Niðurstaða fundarins verði send sveitarfélögunum til kynningar og fylgt eftir með frekari kynningum óski sveitarfélögin eftir því."

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri kynnir stöðu vinnunnar og tillögur að næstu skrefum.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins -

Lagt fram til kynningar

2. Áfangastaða- og markaðsstofa höfuðborgarsvæðisins - Sóknaráætlun 2020-2024 - 2102010

Á 531. fundi var ofangreint mál til umfjöllunar og eftirfarandi niðurstaða var bókuð í fundargerð 523. fundar vegna málsins:

"Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti framkomna tillögu um áframhald verkefnisins. Frekari kynning tillögunnar fari fram hjá þeim sveitarfélögum sem þess óska. Stjórn felur framkvæmdastjóra að útfæra endanlegt fyrirkomulag og samstarfssamning samkvæmt tillögu ráðgjafahópsins og leggja fyrir stjórn á næsta fundi."



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Ráðgjafahópur verkefnis hefur fundað tvisvar síðan til að fara yfir útfærslur að samstarfssamningi milli sveitarfélaganna og liggja nú fyrir drög að samstarfssamning dags. 2. desember 2021. Einnig eru fyrirbyggjandi drög að samningi milli SSH og atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 2. desember 2021. Þá eru fyrirbyggjandi fundargerðir ráðgjafahóps verkefnisins.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins -

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög fyrir sitt leyti og felur skrifstofu SSH að senda fyrirbyggjandi samningsdrög um áframhald verkefnisins til umræðu, afgreiðslu og staðfestingar á vettvangi aðildarsveitarfélagna og þeirra samtaka atvinnulífsins sem gert er ráð fyrir að eigi aðild að samningnum. Jafnframt er skrifstofu SSH falið að óska eftir tilnefningum í stefnuráð.

Í framhaldi af afgreiðslu sveitarfélagna er framkvæmdastjóra veitt fullt og ótakmarkað umboð til að undirrita samstarfssamning við atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið um stofnun samstarfsvettvangs um áfangastaðinn höfuðborgarsvæðið á starfssvæði Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu.

3. Sóknaráætlun 2022 - Áhersluverkefni - 2111032

Fyrirbyggjandi er tölvupóstur samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis dags. 8. nóvember 2021 sem varðar samþykkt ráðherra á uppfærðri og endurskoðaðri skiptareglu grunnframlaga ríkisins til sóknaráætlana sveitarfélaga fyrir árið 2022, en gert er ráð fyrir 28 milljón króna grunnframlagi til höfuðborgarsvæðisins 2022.

Á fundinum eru kynnt áhersluverkefni sem hafa verið unnin á árunum 2020 og 2021.

Lagt er fram minnisblað framkvæmdastjóra dags. 2. desember 2021 með tillögum að áhersluverkefnum fyrir árið 2022.

Gestir

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins -

Niðurstaða fundar:

Minnisblað framkvæmdastjóra lagt fram til kynningar. Framkvæmdastjóra er falin endanleg útfærsla verkefna samkvæmt þeim tillögum sem liggja fyrir og leggja fyrir næsta fund stjórnar.

4. Samgöngusáttmálinn - Verkefni - 2003010

Kynning á verkefnum Samgöngusáttmálans og sex mánaða skýrslu Betri samgangna ohf.

Gestir

Þorsteinn R. Hermannsson forstöðumaður samgangna hjá Betri samgöngum ohf. -



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Davíð Þorláksson framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. -

Þröstur Guðmundsson forstöðumaður verkefna og áætlana hjá Betri samgöngum ohf. -

Skýrsla um stöðu og framgang verkefna Samgöngusáttmálans lögð fram til kynningar.

5. Fjölsmiðjan - rekstur og fjárhagur - 1501007

Fyrirliggjandi er erindi Fjölsmiðjunnar, vegna samninga við bakhjarla starfseminnar um framtíðarfjármögnun starfseminnar ásamt afritum bréfa sem send hafa verið fyrir á árinu. Þá er ársskýrsla Fjölsmiðjunnar 2020 lögð fram til kynningar.

Þá fór stjórn SSH, ásamt framkvæmdastjóra og lögfræðingi SSH í heimsókn í Fjölsmiðjuna til frekari kynningar á starfseminni hinn 3. desember sl. en samkvæmt bókun 530. fundar var framkvæmdastjóra falið að skipuleggja slíka ferð.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar. Hvað varðar frekari fjárhagslegan stuðning við starfsemi Fjölsmiðjunnar þá liggur fyrir eftirfarandi bókun 529. fundar:

"Stjórn tekur vel í frekari fjárhagslegan stuðning við Fjölsmiðjuna en áður en ákvörðun verður tekin óskar stjórn eftir því að vera upplýst um ferli viðræðna við aðra aðila um frekari fjárfraðlög eftir því sem þeim vindur fram. Málið verður svo tekið fyrir á ný."

Er ofangreind bókun ítrekuð en enn sem komið er liggja niðurstöður viðræðna við aðra aðila ekki fyrir. Jafnframt verði skoðaðir möguleikar á að styðja við starfsemina með sérstöku átaksverkefni í gegnum áhersluverkefni sóknaráætluna.

6. Aðalfundur SSH 2021 - 2109001

Á aðalfundi SSH sem haldinn var 12. nóvember sl. lögðu borgar- og bæjarfulltrúar Viðreisnar fram ályktun vegna frístundastarfs fatlaðra ungmenna á höfuðborgarsvæðinu.

Tillögunni var vísað til stjórnar SSH en stjórn hefur áður tekið þetta málefni til umræðu og á 528. fundi stjórnar var eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

"Ofangreindu er vísað til meðferðar samráðshóps á sviði velferðarmála sem skoði stöðu þessara mála, eftir atvikum í samráði við fjölskylduráð einstakra sveitarfélaga."

Er gerð tillaga um að ályktunin verði einnig send samráðshópi á sviði velferðarmála, sem hafi hliðsjón af henni við áframhaldandi skoðun málsins.

Samþykkt



7. Skíðasvæðin, samstarfssamingur um rekstur - 2104008

Fyrirliggjandi til umræðu eru drög að endurnýjuðum samstarfssamningi sveitarfélaganna um rekstur skíðasvæðanna og drög að samstarfssamningi skíðasvæðanna og ÍTR en á 524. fundi stjórnar hinn 3. maí 2021 var eftirfarandi niðurstaða bókud í fundargerð:

"Stjórn samþykkir að fela verkefnahópi vegna uppbyggingar og rekstrar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins að vinna drög að nýjum samstarfssamningi um rekstur Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins í samstarfi við samstarfsnefnd skíðasvæðanna."

Niðurstaða fundar:

Stjórn felur framkvæmdastjóra að fullvinna drögin, eftir m.a. umfjöllun í samstarfsnefnd skíðasvæðanna, og leggja fyrir stjórn að nýju.

8. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Fundargerð 395. fundar Samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins og rekstraryfirlit vegna janúar-september 2021 lögð fram til kynningar. Þá er fyrirliggjandi gjaldskrá skíðasvæðanna fyrir árið 2022, en um er að ræða 4,1% hækkun frá fyrra ári, til samræmis við forsendur Reykjavíkurborgar miðað við áætlaða verðlagsþróun og nýjustu spá Seðlabanka Íslands.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar. Gjaldskrá Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins 2022 staðfest.

9. SRN Almenningsamgöngur-endurskoðun samkomulags - 2109004

Framkvæmdastjóri ásamt öðrum fulltrúum SSH, Birgi Birni Sigurjónssyni og Guðrúnu Eddu Finnbogadóttur, í starfshópi sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að endurskoðuðu samkomulagi ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu kynna stöðu verknisins og þá vinnu sem hefur farið fram. Fyrirliggjandi er skipunarbréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dags. 21. september 2021 og viljayfirlýsing ríkis og sveitarfélaga, dags. 26. september 2021 um að unnið skuli sameiginlega að endurskoðun samkomulags um tilraunaverkefni um eflingu almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Gestir

Birgir Björn Sigurjónsson -

Guðrún Edda Finnbogadóttir -

Lagt fram til kynningar

10. Skilavegir - yfirfærsla vega til sveitarfélaga - 1910012

Framkvæmdastjóri fer yfir stöðu mála í tengslum við samninga um yfirfærslu skilavega til sveitarfélaga.

Niðurstaða fundar:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Formanni og framkvæmdastjóra er falið að rita bréf til samgöngunefndar Alþingis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem stöðu viðræðna er lýst og bent á ummæli í greinargerð með lögum nr. 14/2015 um breytingu á vegalögum, en þar kemur fram að gert sé ráð fyrir að það fjármagn sem nú er á hendi Vegagerðarinnar vegna veghalds þessara vega færist yfir til sveitarfélaganna samhliða yfirfærslu skilavega.

11. Stjórn SSH - 2111031

Fyrirliggjandi eru drög að fundaáætlun vegna fastra funda stjórnar SSH árið 2022 en gert er ráð fyrir að fundir verði fyrsta mánudag hvers mánaðar, að ágúst undanskildum og að teknu tilliti til helgidaga.

Samþykkt

12. Umsagnir þingmála - 1910005

SSH hafa fengið frumvarp til laga um fjárlög 2022 til umsagnar en umsagnarfrestur er til og með 9. desember nk.

Er gerð tillaga um að formanni og framkvæmdastjóra verði falið að gera umsögn f.h. SSH, sem verði kynnt stjórn í tölvupósti.

Samþykkt

13. SRN Almenningsamgöngur-Tillögur að fyrirkomulagi-starfshópur - 2109008

Framkvæmdastjóri kynnir stöðu á vinnu starfshóps sem falið var það hlutverk að vinna tillögur til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra að fyrirkomulagi almenningsamgangna á Íslandi. Fyrirliggjandi er skipunarbréf frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dags. 21. september 2021 auk minnisblaðs lögfræði- og velferarsviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 28. nóvember 2021.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.